



FUNDARGERÐ

261. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði miðvikudaginn 7. ágúst 2019 kl. 12:00.

Mætt eru: Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Björg Björnsdóttir, Ívar Karl Hafliðason, varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson, framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi: Gunnar Jónsson.

Dagskrá:

1. Samningar við landeigendur Egilsstaða I vegna lóðar fyrir skólphreinsivirki og lagnaleið útrásar
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál

Ágústa Björnsdóttir, varaformaður stýrði fundi.

1. Samningar við landeigendur Egilsstaða I vegna lóðar fyrir skólphreinsivirki og lagnaleið útrásar

Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður, sat fundinn undir lið 1.

Gestur kom inn á fundinn undir síðari hluta liðar 1, Vigdís Sveinbjörnsdóttir, fyrir hönd landeigenda Egilsstaða I.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

1. Drög að kaupsamningi á 0,55 hektara lóð undir skólphreinsivirki ásamt lóðablaði.
2. Drög að samkomulagi um greiðslu vegna lagningar veitulagna ásamt yfirlitskorti af lagnaleið fráveitu.
3. Yfirlýsing eigenda jarðarinnar Egilsstaðir I um heimild HEF til veitulagna og lagningu vegslóða.
4. Ýmsir eldri samningar við landeigendur Egilsstaða I varðandi bygginu rotþróar, vatnsnám vegna brunnsvæðis og lagnastæði ásamt tilheyrandi uppdráttum og skýringum.

Að loknum umræðum yfirgaf Vigdís fundinn og var henni þökkuð koman.

Niðurstaða fundar: Ágústu varaformanni og Páli framkvæmdastjóra er falið að ljúka samningum við landeigendur og leggja hann fyrir stjórn til samþykktar.

Að loknum lið 1 vék Ívar Hafliðason, varamaður, af fundinum og Gunnar Jónsson, formaður, kom inn á fundinn. Einnig yfirgaf Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður, fundinn.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri greindi frá ýmsum verkefnum sem unnin hafa verið að undanfögnu, svo sem vinnu við Vök Baths, viðhald á lögnum, vinnu við kyndistöð, undirbúning við lagningu ljósleiðara í dreifbýli.

Regnvatnslagnir við sundlaug og íþróttahús, eru komnar á teikniborðið í forhönnun.

Skoðun hefur farið fram á heitavatnstanki og ýmislegt hefur verið endurnýjað en að öðru leyti er viðgerðum á honum frestað.

Ekki hefur verið lokið við að flytja í geymsluhúsnæðið við fóðurstöð.

Páll framkvæmdastjóri yfirgaf fundinn.

3. Önnur mál

Starfsmannamál. Fært í trúnaðarmálabók.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 15:12.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.